

Páll Björnsson, prófessor í nútímafræði við Háskólann á Akureyri, hefur valið sér ímyndarsköpun og varðveislu ímynda meðal Íslendinga sem viðfangsefni í rannsóknum sínum um alllangt skeið. Afraksturinn hefur meðal annars birst í bókunum *Jón forseti allur? Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar* (2011) og *Ættarnöfn á Íslandi: Átök um þjóðararf og ímyndir* (2021), auk ritgerða og greina í tímaritum og bókum. Nú bætist við það rit sem hér er til umfjöllunar, *Dagur þjóðar: Þróun 17. júní hátíðarhalda á 19. og 20. öld*.

Þessi bók er í reynd eðlilegt framhald af bókinni um Jón forseta, bók sem vann til Íslensku bókmenntaverðlaunanna á sinni tíð, en einnig eðlilegt framhald á líflegum skrifum um íslenskt þjóðerni og íslenska þjóðarvitund seint á síðustu öld og á fyrsta áratug þessarar aldar. Þá nefnir Páll í inngangskafla nokkra höfunda sem hafa áður fjallað um íslenska hátíðardaga en útskýrir síðan ætlun sína um „að fjalla um uppruna og þróun þessara þjóðhátíða hér á landi, að greina hina sögulegu atburðarás, með ítarlegri hætti en áður hefur verið gert“ (bls. 9-10). Þessari markmiðssetningu fylgir hann skipulega eftir með því að fylgja sögulegri tímaröð eftir því sem kostur er, þótt auðvitað þurfi stundum að fara eitthvað fram og aftur í tíma, bæði vegna viðfangsefna en einnig vegna þess að hann horfir til mismunandi landsvæða. Það er eitt með öðru sem gerir nálgun hans áhugaverða.

Bókinni er skipt í sex aðalkafla og eru nokkrir undirkaflar í hverjum þeirra. Sá fyrsti fjallar um þróun hátíðarhalda í nágrannalöndum okkar og sá næsti um upphaf og þróun þjóðhátíðarhalds á Íslandi og meðal Íslendinga í Vesturheimi, hátíðarhöld sem rekja má til stjórnarskrárdagsins 2. ágúst 1874. Í þriðja kafla er greint frá því hvernig 17. júní varð á endanum fyrir valinu sem þjóðhátíðardagur Íslendinga og í þeim fjórða er meðal annars sagt ítarlega frá hlut tveggja fjöldahreyfinga að þessari þróun, þ.e. Íþróttasambands Íslands (ÍSí), og ungmennafélaganna um land allt sem sameinuðust undir merkjum Ungmennafélags Íslands (UMFÍ). Tveir síðustu kaflarnir fjalla annars vegar um lýðveldisstofnunina 17. júní 1944 og hins vegar um þróun þjóðhátíðarhalds allar götur síðan. Bygging bókarinnar er rökvis og framsetning efnisins er ríkulega studd heimildum sem skilmerkilega er gerð grein fyrir í ítarlegri heimildaskrá (bls. 207-230). Fáar myndir eru í bókinni en góð nafnaskrá er til mikils hagræðis. Þar eru auk mannanafna fjölmörg ólík efnisorð eins og til dæmis Albýðuskólinn á Eiðum, Borgarfjörður eystri, Fjallkonan, Landspítalasjóðsdagurinn, Sumardagurinn fyrsti og Ungmennafélag Akureyrar. Nafnaskrá af þessu tagi auðveldar mjög mismunandi notendahópum aðgengi að bókinni, ekki síst skólanemendum vítt um land sem

leita upplýsinga um hvort vísað sé til þeirra heimahaga með einhverjum hætti.

Hér verður efni *Dags þjóðar* ekki rakið með skipulegum hætti umfram það sem áður er sagt. Hins vegar er margt forvitnilegt dregið fram í dagsljósið og skal nú minnst á sumt sem vakti sérstaka athygli þess sem hér skrifar.

Spurningin um það hvað geri dag að þjóðhátíðardegi er reglubundið til umræðu í bókinni og varpað er fram því athyglisverða atriði að fátítt er í nágrannalöndum okkar að slíkur dagur sé helgaður fæðingardegri eins einstaklings. Mun algengara er að tengja hann við setningu stjórnarskrár (t.d. Danmörk og Noregur) eða sjálfstæðisyfirlýsingu (t.d. Finnland og Bandaríkin) ellegar uppreisn borgaranna gegn valdhöfum (t.d. Frakkland). Það er því ekki undarlegt að allmargir vildu um drjúgt árabil gera 2. ágúst að þjóðminningar- eða þjóðhátíðardegi í ljósi þess að Kristján konungur níundi færði Íslendingum sína fyrstu stjórnarskrá þann dag árið 1874. Það ár voru hátíðarhöld í tilefni þess atburðar víða um land en sú eina, sem enn lifir hérlandis, er þjóðhátíð Vestmannaeyinga fyrstu helgina í ágúst ár hvert.

Þá er næst að spyrja til hvers þjóðhátíðardagar eiginlega séu því sums staðar fer mikið fyrir þeim en í öðrum ríkjum lítið og þátttaka almennings naumast merkjanleg. Niðurstaða Páls er sú að hver sem uppruni slíkra daga er sé markmiðið alls staðar hið sama: „Að styrkja samkennd og sameiginlegar minningar viðkomandi þjóðar“ (bls. 28). Hann lætur hins vegar kyrrt liggja að ræða það hvort dagar af þessu tagi geti vísað til fjölmennningarlegrar heildar eða hvort þeir einskorðist að mestu við minningar þess samfélagshóps sem mestu (eða öllu) ræður innan viðkomandi ríkis, óháð uppruna og mögulega ólíkri menningu íbúanna. Það væri áhugavert að rannsaka sérstaklega því uppruni og framhald Íslendingadaga vestanhafs (einkum í Norður-Dakóta og Manitoba) sýnir að þeir eru í eðli sínu frekar þjóðminningardagar þjóðarbrots en eiginlegir þjóðhátíðardagar. Enda eru opinberir þjóðhátíðardagar Bandaríkjanna og Kanada aðrir.

Í þessu samhengi er áhugaverð sú rannsóknarafmörkun Páls Björnssonar að leggja áherslu á „hversdagslega þjóðernishyggju (e. banal nationalism) ... Með því er ekki lögð áhersla á framlag stjórnvalda eða valinkunnra hugsuða heldur á óbreytta einstaklinga og hvernig þeir taka höndum saman um að sýna öðrum þjóðernisvitund sína“ (bls. 20). Þessari áherslu fylgir Páll vel eftir þegar hann lýsir annars vegar meira og minna lokuðum hátíðarsamkomum

embættismanna og annarra í efstu lögum samfélagsins og hins vegar mikilvægu frumkvæði fjölmennra lýðhreyfinga, þ.e. ungmenna- og íþróttafélaga.

Fyrir Akureyring er það skemmtileg lesning að sjá að elsta ungmennafélag landsins, Ungmennafélag Akureyrar (stofnað 1906), varð fyrst til að leggja fram formlega tillögu um að 17. júní skyldi verða þjóðhátíðardagur Íslendinga og í beinu framhaldi þar af ályktaði félagið að dagurinn yrði almennur frídagur. Þetta var vorið 1907. Páll vekur jafnframt athygli á að Akureyringar hafi fyrstir skipulagt almennt þjóðhátíðarhald þennan dag með því sniði sem svo breiddist út um allt land næstu áratugi og einkenndist af skróðgöngum, ræðum, söng, íþróttum, leikjum og dansi (bls. 50–51).

Páll rekur söguna býsna nákvæmlega og lýsir dagskrá margra hátíðarhalda vítt um land fram eftir tuttugustu öld. Það er áhugaverð saga sem gott er að haldið sé til haga og fáir munu til dæmis vita að upp komu hugmyndir um að gera heimastjórnardaginn 1. febrúar 1904 að þjóðhátíðardegi, og nokkru seinna fannst ýmsum 19. júní koma til álita með tilvísun til þess að þá fengu íslenskar konur, 40 ára og eldri, kosningarétt til Alþingis. Í ljósi tímans vitum við nú að fáir minnst fyrri dagsetningarinnar en hin seinni hefur lifað góðu lífi fyrir tilstuðlan Kvenréttindafélags Íslands. Fullveldisdagurinn 1. desember var einnig nefndur í þessu skyni en hann náði aldrei flugi, líklega vegna þess hve illa hann hentar til útisamkoma. Þar hefur 17. júní augljóslega vinninginn þótt dæmi séu um að ályktað hafi verið gegn honum vegna þess hve snemmsumars dagurinn er (bls. 118).

Páll Björnsson endurtekur í þessari bók það sem hann hefur áður sagt að með lýðveldishátíðinni 17. júní 1944 hafi sú hefð verið „staðfest að fæðingardagur Jóns Sigurðssonar væri hinn raunverulegi þjóðhátíðardagur Íslendinga“ (*Jón forseti allur*, bls. 173). Hann rekur þræðina hins vegar nákvæmar hér og það vekur eftirtekt að þjóðhátíðardagurinn hefur aldrei verið staðfestur með sérstökum lögum. Það beið nýrrar ríkisstjórnar árið 1971 að gera daginn að almennum frídegi þegar sett voru lög um 40 stunda vinnuviku. Í þeim voru taldir upp lögbundnir frídagar launþega, þeirra á meðal 17. júní (bls. 147). Þetta er áhugavert í ljósi þess að sett hafa verið sérstök lög um þjóðfánann, ríkisskjaldarmerkið og þjóðsöng landsmanna (bls. 149). Kannski endurspeglar þetta „afskiptaleysi“ löggjafans það sem Páll segir í lokaorðum sínum: „...það var grasrótin sem tók af skarið. Það var hún sem helgaði daginn snemma á 20. öld og hrinti hátíðarhöldum í framkvæmd. Það var almenningur sem kaus daginn með þátttöku sinni og gerði hann þannig

að degi þjóðar“ (bls. 186).

Það er góður fengur að þessari bók. Páll Björnsson er fundvís á efni og hann er hirðusamur um það sem hann rekst á. Það kann að vera að einhverjum finnist bókin óþarflega smámunasöm en það að halda öllum þessum upplýsingum til haga á einum stað er mikið hagræði fyrir þau sem vilja afla sér upplýsinga um þjóðhátíðardag Íslendinga og sögu hans. Óhjákvæmilega er hér nokkurt efni sem Páll hefur áður birt í bók sinni um Jón forseta en það að hann styður frásögn sína í ekki lengri texta með 420 tilvísunum neðanmáls segir sína sögu um hversu víða hann hefur leitað fanga.

Bókin er vel skrifuð og allur frágangur hennar er höfundu og útgefanda til sóma.